

Fundargerð 2. fundar

Starfshópur um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)

Haldinn kl. 13:30, þriðjudaginn 7. janúar 2020 að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Margrét Vala Marteinsdóttir, Árni Rúnar Þorvaldsson, Arnhildur Ásdís Kolbeins, Elín Ýr Arnar Hafdísardóttir, Sjöfn Guðmundsdóttir deildarstjóri stoðþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- barnamálasviðs sem ritaði fundargerð. Valdimar Víðisson boðaði forföll.

1. mál.

Formaður fór yfir fundargerð síðasta fundar sem haldinn var þann 3.des. 2019.

2. mál.

Á síðasta fundi starfshópsins var óskað eftir upplýsingum varðandi fjölda NPA samninga, umfang, aldur notenda, ættingjatengsl o.fl. Einnig var óskað upplýsinga um hvað margir eru í umsýslu hjá NPA-miðstöðinni, upplýsingum um SIS greiðslur og samanburð á tímagjaldi á milli sveitarfélaga. Í svari Sjafnar Guðmundsdóttur, deildarstjóra stoðþjónustu kemur m.a. fram að 1. janúar 2020 eru 17 NPA samningar hjá sveitarfélaginu, þar af eru samningar vegna 6 barna, fjórir samningar eru í umsýslu hjá NPA-miðstöðinni, yfirlit er yfir SIS greiðslur auk samanburðar á tímagjaldi milli sveitarfélaga, sjá meðfylgjandi skjal.

3. mál.

Rætt um tímagjald í NPA þjónustu og kosti og galla jafnaðargjalds. Einnig rætt um verktöku í NPA þjónustu en ekki hefur verið hvatt til slíks fyrirkomulags hjá Hafnarfjarðarbæ. Óskað er eftir kostnaðargreiningu varðandi mismunandi tímagjald og tekið skal mið af þeirri leið sem Reykjavíkurborg hefur farið. Stefnt að því að koma með tillögu að tímagjaldi fyrir næsta fund.

4. mál.

Starfshópurinn óskar eftir upplýsingum um hvernig staðið er að afgreiðslu umsókna um NPA þjónustu hjá fjölskyldu- og barnamálasviði.

Fundi slitið kl. 14:30.